



Ég heiti Meekín Gísladóttir og bíð mig fram í stjórn og varastjórn félagsins.

Ég er þriggja barna móðir og bý ásamt sambýlismanni mínum Lárusi Eggertssyni í Hveragerði.

Ég hef alltaf haft óbilandi áhuga á hundum og eignaðist minn fyrsta hund 8 ára gömul sem var Silky Terrier.

Árið 2011 byrjaði ég að taka þátt í starfsemi félagsins eftir að ég kolféll fyrir bláeygðum hvolp, Sólseturs Sunnu Simma sem var Ástralskur fjárhundur. Og í kjölfarið smitaðist ég af sýningarbakteriunni og hef tekið virkan þátt í sýningum síðan þá. Í framhaldi af því byrja ég að hafa mikinn áhuga á öllu sem viðkemur ræktun og flyt inn Dandie Dinmont Terrier tíkina ISCh Sjöbolyckans Ríkissa Av Polen sem var fyrst sinnar tegundar til að koma til landsins árið 2013, fæ svo lánsrakka frá Noregi sem vegnar vel á sýningum hér heima og í kjölfarið fæ ég samþykkt ræktunarnafnið Hvergilands árið 2016.

Í dag eru á heimilinu Dandie Dinmont Terrier og Strýhærðir Vorsteh hundar.

Reyni ég eftir bestu getu að sækja sýningar með báðar tegundir ásamt því að aðstoða við undirbúning Vorsteh hundanna fyrir Veiði/Sæki próf og hef nú þegar lokið minni fyrstu tilraun í sækiprófi og haft gaman af. Stefni í framtíðinni á frekari reynslu á þeim vettvangi ásamt því að notast við þessa frábæru tegund við veiði almennt þegar fram í sækir.

Ég hef setið í stjórn terrierdeildar frá árinu 2016 og ásamt því að vera tengiliður fyrir Dandie Dinmont Terrier, ég reyni að vera eins virk og ég get á viðburðum félagsins og finnst mér ávallt gaman að mæta á dag ungmennadeildar HRFÍ með börnin mín þar sem þau fá að spreyta sig, þeim til mikillar ánægju.

Einnig hef ég reynt að taka alltaf virkan þátt í kynningum félagsins og á tegundunum mínum þegar tækifæri gefast.

Ég trúi því að ég sé góður fulltrúi fyrir það sem félagið stendur fyrir og bíð fram krafta mína af einlægni og samvirkusemi, til að gera gott félag enn betra fyrir alla félagsmenn.

Það sem ég hef meðal annars áhuga á að setja krafta mína í er :

Bæta upplýsingaflæði og samskipti milli, stjórnar, deilda og hinn almenna félagsmanns.

Koma aftur af stað laugarvegsgöngu.

Tegundarkynningar.

Kynna starf félagsins meira út á við fyrir almenningi, sem stuðlar að bættri hundamenningu.

Námskeið fyrir ræktendur innan félagsins og hinn almenna hundaeiganda.

Efla landsbyggðina í að koma að störfum félagsins, t.d. með sýningarþjálfunum.

Ég vona að ég fái ykkar atkvæði og traust til að vinna fyrir félagið okkar allra.

Kveðja, Mekkín.